



Unglingastig

Að greina lagatexta

Kennsluleiðbeiningar

Áætlaður tími: Tvær kennslustundir

Markmið

- ☐ Að efla gagnrýna hugsun unglunga um birtingarmyndir kynja, kynverund og valdaójafnvægi í menningarefni.
- ☐ Að skapa vettvang fyrir umræðu um sambönd, kynlíf, kynhlutverk og staðalmyndir í öruggu umhverfi.
- ☐ Að efla miðlalæsi á fjölbreyttan hátt.

Undirbúningur

- ☐ Finna lög / lagatexta eða fá nemendur til að finna lög. Á bls. 2 eru hugmyndir að lögum.
Reynið að hafa lögin fjölbreytt (ólík sjónarhorn, mismunandi tónlistarstefnur).
- ☐ Prenta út lagatexta eða hafa þá rafræna.
- ☐ Prenta út spurningar á bls. 2 eða hafa þær uppi á skjá.
Minnið nemendur á mikilvægi fjölbreyttra sjónarmiða og virðingar fyrir þeim og að niðrandi ummæli séu ekki í boði.

Lýsing

- 1** Skiptið nemendum í hópá þar sem 2-3 eru saman í hóp.
- 2** 20 - 30 mín: Hóparnir lesa sinn lagatexta, rýna í hann með spurningarnar til hliðsjónar og punkta niður hjá sér það sem þau ræða.
- 3** Rennið yfir spurningarnar með bekknum til að tryggja að öll skilji þær.
Hver hópur kynnir fyrir bekknum sín svör og spilar lagið sitt ef tími gefst.



Athugið að það gæti verið að spurningarnar eiga ekki við lagið / textann sem þið eruð með en svarið öllum sem eiga við.

Hverjar eru birtingarmyndir;

1

- Karlmennsku?
- Kvenleika?
- Kynhneigðar?
- Hinsegin málefna?

2

Hvernig birtast hlutverk kynjanna?

3

Hvernig er fjallað um ást, sambönd og kynlíf?

4

Er eitthvað valdaójafnvægi í textanum? Hvernig þá?
Hver hefur vald og hver ekki?

5

Hvað finnst hópnum um boðskapinn / textann? Af hverju?

Hugmyndir að lögum:

If I were a boy - Beyonce

Blurred lines - Robin Thicke

Humble - Kendrick Lamar

Stórir strákar - Izleifur, Herra Hnetusmjör

Þú veist hvað ég meina mær - Skítamóráll

Valkyrjur og vondir karlar - Úlfur Úlfur, Daughters of Reykjavík

Á þig - Á móti sól

Lífstíll - Birnir

Bent nálgast - XXX Rottweiler

Bad guy - Billie Eilish